



ÁSLANDSSKÓLI - FRÉTTABLAÐ

FLÓRGODINN

JÓL Í ÁSLANDSSKÓLA

Meðal efnis í þessum

Flórgoða:

- Jólamorgunstundir
- Tröllaheimar
- Bjart ljósið upp bæinn lýsir
- Upplestur úr nýjum bókum
- Litlu jól / Stofujól
- Hugsað til þeirra sem minna mega sín

Bjart ljósið upp bæinn lýsir

Lag: *Det lyser í stille grender (norskt jólalag)*

Texti: *Leifur S. Garðarsson (desember 2006)*

*Bjart ljósið upp bæinn lýsir,
með loganum kertum frá.
Og hugurinn okkar hýsir,
þá hjart-næmu von og þrá.*

*Í fun-heitum barna höndum,
bjart ljósið til himins skín.
Loks hátíð í mörgum löndum,
með lofgjörð til þín og mín.*

*Með gleði öll börnin syngja,
á göngu um byggð og ból.
Þá hátíðar hljómar klingja
og boð' okkur heilög jól.*

*Og sagan með boðskap björtum,
er segjum þá ljómar bær.
Um kærleik í heimsins hjörtum,
og hátíð sem er oss kær.*

*Bjart ljósið upp bæinn lýsir,
sit logandi kerti við.
Því hjarta okkar alltaf hýsir,
hér vonina um gleði og frið.*



**Starfsfólk Áslandsskóla sendir
nemendum, forráðamönnum og**

öðrum velunnurum skólans hugheilar jólakveðjur

Skólastarf á nýju ári

Skólastarf hefst að nýju fimmtudaginn 4. janúar samkvæmt stundaskrá.
Miðvikudaginn 3. janúar starfar starfsfólk að skipulagsstörfum í skólanum.

SAMVINNA

ÁBYRGÐ

TILLITSSEMI

TRAUST

HUGSAÐ TIL Þeirra sem Minna MEGA SÍN

Í tengslum við jólahald í skólum eru pakkaleikir á stofujólum gjarnan eitt atriðanna.

Við í Áslandsskóla höfum ákveðið líkt og undanfarin þrjú skólaár, að hver nemandi og hver starfsmaður mæti með lokað umslag með frjálsu framlagi mánudaginn 18. desember. Nemendur afhenda umsjónarkennara sitt umslag.

Viðmiðið er kr. 300.– pr einstakling en öllum er að sjálfsgöðu heimilt að sníða sér stakk eftir vexti hvað framlag varðar.

Þessi hugsun okkar tengist einum af hornstoðunum fjórum, þjónustu við samfélagið.

Fjármunum verður síðan safnað saman og við lok síðustu skemmtunar á sal skólans, litlu-jólum í 6. bekk miðvikudaginn 20. desember, verður sú upphæð sem til hefur safnast afhent fulltrúa Mæðrastyrsnefndar Hafnar-fjarðar.

Gert er ráð fyrir því að skólastjóri afhendi fulltrúa Mæðrastyrsnefndar það sem safnast um kl. 13:30 á sal skólans.



LESIDU UPPIÐ ÚR NÝJUM BÓKUM

Í aðdraganda jólaanna mæta flestir árganga skólans á bókasafn skólans og hlusta á upplestur úr nýútgefnum bókum.

Ákveðið hefur verið að brydda upp á þeirri nýjung að yngstu nemendur skólans mæta allir á sal af slíku tilefni og mun Leifur S. Garðarsson skólastjóri lesa upp úr bókum fyrir þau. Þetta verður gert í fyrsta skipti mánudaginn 18. desember.



JÓLAMORGUNSTUNDIR 2006

JÓLAMORGUNSTUND Í UNGLINGAÐEILD

Miðvikudaginn 13. desember 2006 kl. 8:10

- Skólastjóri býður alla velkomna
- Helgileikur nemenda í 5. bekk
- Söngatriði frá **söngleikjaval**
- **Dulheimar** og **Undraheimar** syngja jólalag á ensku
- **Samsöngur**, séralin jólalög
- Skólaheiti
- Skólasöngur

JÓLAMORGUNSTUND Í MIÐEILD

Fimmtudaginn 14. desember 2006 kl. 8:10

- Skólastjóri býður alla velkomna
- Helgileikur nemenda í 5. bekk
- **Tindaheimar**: Snjókorn falla
- **Hnjúkaheimar**: Ævintýraskógurinn
- **Jarðheimar**: Hugleiðing um kærleika
- **Fjallheimar**: Jólatriði
- **Ljósheimar** og **Tunglheimar**: Tíu litlir jólasveinar
- Skólaheiti
- Skólasöngur

JÓLAMORGUNSTUND Í YNGRI DEILD

Föstudaginn 15. desember 2006 kl. 8:10

- Skólastjóri býður alla velkomna
- Helgileikur nemenda í 5. bekk
- Skólakórinn syngur
- **Garpheimar**, **Jötunheimar** og **Grettisheimar**: Jólakötturinn
- **Hulduheimar**: Littlest Christmas Tree
- **Álfaheimar**: Vísurnar um jólasveinana
- **Hrafnsheimar** og **Flókaheimar**: I saw Mummy kissing Santa Claus
- **Óðinsheimar**: Lagið um það sem ekki má.
- **Baldursheimar** og **Pórsheimar**: Á jölunum er gleði og gaman
- Skólaheiti
- Skólasöngur



Tröllaheimar—heilsdagsskóli í jólaleyfi

Miðvikudaginn 20. desember verður skólastarf með sveigjanlegum hætti eins og tilgreint er á skóladagatali, en þá verða jólaskemmtanir. Heilsdagsskólinn verður því opinn frá kl. 8:00 þann dag, þar sem dagskrá er með óhefðbundnum hætti.

Heilsdagsskólinn er síðan opinn í jólafríi nemenda sem hér segir:

Miðvikudaginn	20. desember	kl. 8:00—17:00
Fimmtudaginn	21. desember	kl. 8:00—17:00
Föstudaginn	22. desember	kl. 8:00—12:30
Miðvikudaginn	27. desember	kl. 8:00—17:00
Fimmtudaginn	28. desember	kl. 8:00-17:00
Föstudaginn	29. desember	kl. 8:00-17:00



Þeir forráðamenn sem hyggjast nýta sér heilsdagsskólann í jólafríi eða breyta viðveru þann 20. desember, verða því að fylla út þar til gert pöntunarblað á skrifstofu skólans sem tilgreinir dvalartíma.

Einnig þarf greiðslukvittun að fylgja sem staðfesting þess að greiðsla hafi átt sér stað. **Slíkt þarf að berast á skrifstofu skólans í síðasta lagi fimmtudaginn 14. desember. Ekki verður unnt að verða við ósk um dvöl þessa daga berist hún síðar.**

Rétt er einnig að geta þess að tilskylinn lágmarksfjöldi barna þarf dag hvern til að starfseminni sé haldið úti.

Það skal þó tekið fram að jólafrí er auðvitað frí nemenda frá skóla og oft getur verið gott að hvílast aðeins á skólatengdu starfi svo nemendur komi endurnærðir til baka.

Gjald fyrir hverja klukkustund er 185 krónur, sé barn lengur en til kl. 14.00 bætist við kr. 170.– pr. dag vegna nestisþakka.

Litlu jól - Stofujól

Miðvikudagur 20. desember

Árgangar byrja ýmist á litlu jólum eða stofujólum.

Mæting í heimastofu.

Jólastund í heimastofu / Gengið í fallægum röðum á sal.

Gengið í kringum jólatré við undirleik.

Bekkir búnir að fá lög til að æfa sig – syngja með um leið og gengið er kringum jólatré.

Árgangur	Litlu jól	Stofujól
1. bekkur	9:00-9:55	8:10-9:00
2. bekkur	8:10-9:00	9:00-10:00
3. bekkur	10:00-10:50	9:10-10:00
4. bekkur	11:00-11:50	10:00-11:00
5. bekkur	12:00-12:50	11:10-12:00
6. bekkur	12:50-13:40	12:00-12:50
7. bekkur	Ball 14.12 kl. 18.-20	10:00-11:30
8. bekkur	Ball 20.12	10:00-11:30
9. bekkur	Ball 20.12	10:00-11:30
10. bekkur	Ball 20.12	10:00-11:30



Kríuási 1
221 Hafnarfirði

Sími: 585 4600

Bréfsími: 585 4610

www.aslandsskoli.is

aslandsskoli@aslandsskoli.is

www.aslandsskoli.is

FLÓRGÓÐINN

**Fréttablað
Áslandsskóla**

Ábyrgð, hönnun, umbrot og skrif:

Leifur S. Garðarsson
skólastjóri